

1168. Stjórnarfundur VR

Haldinn þriðjudaginn 13.febrúar 2018, kl. 17:30 í Kringlunni 7 á 0. hæð.

Mætt voru: Ragnar Þór Ingólfsson, Bjarni Þór Sigurðsson, Birgir Mór Guðmundsson, Dóra Magnúsdóttir, Guðrún Björg Gunnarsdóttir, Guðrún Björk Hallbjörnsdóttir, Harpa Sævarsdóttir, Helga Ingólfssdóttir, Ingibjörg Ósk Birgisdóttir, Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir, Ólafur Reimar Gunnarsson, Rannveig Sigurðardóttir, Sigríður Lovísa Jónsdóttir, Sigurður Sigfússon, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir, Stefán Sveinbjörnsson framkvæmdastjóri og Árni Leósson sviðsstjóri sem ritaði fundargerð.

Gestir fundarins: Steinunn Böðvarsdóttir fagstjóri rannsókna VR og Viðar Ingason hagfræðingur VR.

Dagskrá:

1. Fundargerð 1167. stjórnarfundar VR var lögð fram til samþykktar.

Ragnar Þór lagði fram fundargerð 1167. stjórnarfundar VR til samþykktar en engar athugasemdir höfðu borist við hana. Fundargerðin var samþykkt og undirrituð.

2. Stytting vinnuvikunnar – kynning á skýrslu

Gestir fundarins þau Steinunn og Viðar lögðu fram skjalið „*Stytting vinnuvikunnar – kynning stjórn 13022018*“ og fóru sameiginlega yfir efni þess. Í máli þeirra kom m.a. fram að vinnutími í verslun hafi styst um 8,5 klst. frá árinu 1955 og hafi verið samið um styttingu vinnuvikunnar í áföngum og lög verið sett um 40 stunda vinnuviku.

Þá fóru þau yfir tölur um vinnutíma í VR samkvæmt launakönnunum sem hefur sveiflast nokkuð á undanförunum árum, t.d. fækkaði vinnustundum verulega við hrunið 2008 og jókst svo nokkuð en hefur aftur farið lækkandi á síðustu tveimur árum og er nú á pari við það sem var árið 2008 eða um 43,2 stundir á viku að meðaltali. Í samanburði við tölur Eurostat er þó ljóst að meðalvinnustundafjöldi er langhæstur á Íslandi í samanburði við Norðurlönd og helstu Evrópuþjóðirnar.

Nú röktu þau helstu rök fyrir styttingu vinnuvikunnar en helstu rök eru samfélagslegs eðlis s.s. aukin lífsgæði, jákvæð áhrif á heilsufar, jafnrétti og umhverfisáhrif ofl.

Þá fór Viðar yfir tölur um framleiðni og má segja að framleiðni á Íslandi sé miðlungs mikil á heimsvísu en töluvert minni m.v. þau lönd sem við helst berum okkur saman við.

Samkvæmt rannsóknnum er það ekki algilt að framleiðni aukist þótt vinnutími styttest en rannsóknnum ber ekki saman þótt flestar sýni þær ólínulegt samband þar sem áhrifin eru háð því hver upphafsvinnutíminn var.

Þá næst fóru þau yfir tilraunir um vinnutímastyttingu sem gerðar hafa verið í Reykjavík og í Gautaborg í Svíþjóð þar sem niðurstaðan er ótvírætt sú að áhrif styttingar valda meiri starfsánægju og hafa jákvæð áhrif á heilsu enda minna um veikindafjarvistir og vísbendingar um minni starfsmannaveiltu. Þetta veldur minni kostnaði hjá fyrirtækjum en ekki er með góðu móti hægt að meta þar áhrif á framleiðni. Nokkur önnur tilraunaverkefni eru í gangi s.s. hjá Nordic Visitor og á fjórum vinnustöðum hjá ríkinu og hjá Hugsmiðjunni þar sem mældist mikil aukning í framleiðni og mikil fækkun veikindadaga.

Umræður.

Sigríður Lovísa mætti hér til fundar kl. 18:20

Að loknum umræðum sagði Ragnar Þór að við myndum skoða þetta áfram og þá möguleika sem eru fyrir hendi. Þetta sé spennandi umræða.

Undir þessum dagskrárlið þar Ragnar Þór upp tillögu um dagskrárbreytingu þannig að nýr liður bættist við dagskrá á eftir lið nr. 7 og myndi fjalla um Leigufélag VR, væri sá liður nr. 8. Dagskrárliðurinn „Önnur mál“ fengi þá númerið 9.

Samþykkt.

Bjarni Þór mætti hér til fundar kl. 18:30

3. Kynning á könnun um kynferðislega áreitni

Gestur fundarins Steinunn Böðvarsdóttir lagði fram skjölin „*Kynferðisleg áreitni – kynning stjórn VR 13022018*“ og „*Kynferðisleg áreitni – könnun Gallup*“ dags. 31.01 2018 og fór yfir efni þeirra. Í máli hennar kom m.a. fram að markmið þessarar könnunar hafi verið að greina algengi kynferðislegrar áreitni hjá VR í úrtaki 9.290 félagsmanna. Svörun var 3.113 eða 33,5%.

Það sem spurt var um var m.a. um áætlun um viðbrögð á vinnustað, um kynferðislega áreitni sl. 12 mánuði og hvort viðkomandi hafi orðið vitni að áreitni. Einnig var spurt um ýmsar birtingamyndir s.s. óumbeðna snertingu, kynferðislegar athugasemdir ofl. en líka hvort áreitnin hafi verið tilkynnt.

Þá fór hún yfir það hvernig kynferðisleg áreitni sé skilgreind sem í grunnin er einfaldlega hver sú kynferðisleg hegðun sem er í óþökk þess sem fyrir henni verður.

Niðurstöður voru m.a. þær að 9,1% félagsmanna VR höfðu orðið fyrir kynferðislegri áreitni á vinnustað á síðustu 12 mánuðum og 38,5% þeirra hafa orðið fyrir slíkri áreitni í starfi á einhverjum tímapunkti í lífi sínu. Mikill munur er á svörun milli kynja en mun algengara er að konur og þau sem yngri eru verði fyrir áreitni en 52% kvenna í VR hafa orðið fyrir kynferðislegri áreitni á vinnustað og þar af 63% allra VR kvenna á aldrinum 25 – 34 ára.

Þá kom fram að Jafnréttisnefnd VR hefur beðið Próunarsvið VR að stilla upp aðgerðaráætlun og eru komin drög að slíkri áætlun með kostnaði uppá um 2,5 milljónir kr. Þar er gert ráð fyrir fréttum, upplýsingasíðu með sögum og niðurstöðum könnunar. Einnig er áætlað að hafa hádegisfyrirlestur um málefnið og auglýsingar á samfélagsmiðlum og jafnvel víðar. Þá verði haldinn fræðslufundur með trúnaðarmönnum, markpóstur sendur á fyrirtæki ofl.

Umræður.

Að loknum umræðum voru þeim Steinunni og Viðari þakkað fyrir og viku þau að því búnu af fundi kl. 19:25

4. Kjaramál – staðan

Ragnar Þór sagði frá því að síðasti óformlegi fundur um stöðu kjaramála með stjórnvöldum hafi verið í gær en þar hafi staðan verið greind varðandi ýmis atriði t.d. varðandi Kjararáð og hvað megi betur fara. Mikill vilji virðist vera fyrir því að leggja ráðið niður.

Nú er ljóst að BHM og Flugvirkjar hafa samið til 2019 og hætta er á að áfram haldi eltingaleikur um að komast aftur fyrir önnur félög í samningum þannig að vítahringur skapist í þeim efnunum. Við þurfum að funda fljótlega og ákveða hvort við segjum upp samningum eða ekki. Á fundi trúnaðarráðs í gær mátti heyra að fólk var frekar á því að segja ekki upp samningum. Bráðlega munu hefjast formlegir fundir með ríkisvaldinu og þá sjáum við betur hver staða okkar er og hvað þeir bjóða. Þó má geta þess að svo virðist sem Framsýn á Húsavík stefni á uppsögn samninga en það eru hræringar í stéttarfélögnum, mikið er í gangi og skiptar skoðanir milli félaga.

Þá hafa verið í umræðu breytingar á stjórnkerfi lífeyrissjóða og virðist vera samhljómur milli ASÍ og SA í þeim efnunum þar sem yrðu stofnuð fulltrúaráð sem velja stjórnarmenn.

Umræður.

Dóra mætti hér til fundar kl. 19:40

Ragnar Þór óskaði nú eftir samþykki fundarmanna fyrir því að framlengja fundi til kl. 21:00.

Samþykkt.

Ragnar Þór ræddi nú að sú staða gæti komið upp að hann kæmist ekki á fund samninganefndar ASÍ, t.d. vegna veikindaforfalla, og því nauðsynlegt að varaformaður og framkvæmdastjóri hefðu umboð til þess að mæta í hans stað.

Samþykkt var að veita slíkt umboð og var það undirritað af fundarmönnum en það er svo hljóðandi:

„Umboð í samninganefnd ASÍ

Formaður VR situr í samninganefnd ASÍ fyrir hönd VR. Ef formaður forfallast veitir stjórn VR varaformanni VR eða framkvæmdastjóra VR fullt umboð sitt til setu í samninganefnd ASÍ með þeim réttindum og skyldum sem því fylgja. Ef formaður VR forfallast tilkynnir hann hvor af ofangreindum aðilum sé hans umboðsmaður á fundi samninganefndar. Sá aðili fer þá með sama umboð og formaður VR á fundi samninganefndar ASÍ.

Reykjavík, 13. febrúar 2018.

(Sign)“

5. Niðurstöður úr stefnumótun VR. Hlutverk, framtíðarsýn og gildi.

Ragnar Þór lagði fram skjalið „*Samþykktar tillögur stjórnar VR frá vinnufundi 25. janúar 2018*“ þar sem kom fram sú niðurstaða sem varð af vinnufundum stjórnar hvað varðar hlutverk, framtíðarsýn og gildi VR. Ákveðið hafði verið að leggja þær fyrir til formlegrar samþykktar á næsta stjórnarfundum og er það nú gert.

Umræður.

Það sem stjórnarmenn höfðu samþykkt á vinnufundi var eftirfarandi:

Hlutverk VR

Að bæta kjör félagsmanna, standa vörð um áunnin réttindi, sækja fram fyrir hönd þeirra á sviðum kjara-, og réttindamála og veita þjónustu á tengdum sviðum.

Framtíðarsýn VR

- VR er traust, framsýnt og fjárhagslega sterkt stéttarfélag verslunar-, þjónustu- og skrifstofufólks á Íslandi.
- VR vinnur markvisst að kjara-, réttinda- og atvinnumálum félagsmanna sinna og leggur sérstaka áherslu á baráttuna fyrir jöfnum rétti þeirra.
- VR rekur öflugan sjóði til að geta staðið með myndarlegum hætti við bakið á félagsmönnum.
- VR einkennist af lýðræði, heiðarleika og gagnsæi, þar sem gætt er jafnræðis meðal félagsmanna.
- VR sinnir samfélagslegri ábyrgð.

Gildi VR

FRAMSÆKNI – FAGMENNSKA – FORYSTA

Að loknum umræðum bar Ragnar Þór upp ofangreint til formlegs samþykkis.

Samþykkt samhljóða.

6. Tillögur fyrir aðalfund VR 19. mars 2018

Stefán lagði fram skjalið „Tillögur fyrir aðalfund 2018 – minnisblað“ dags. 7. febrúar 2018 og fór yfir efni þess en það var eftirfarandi:

Efni: Tillögur fyrir aðalfund VR 2018

Fundurinn verður haldinn á Hótel Hilton þriðjudaginn 19. mars 2018 kl. 19:30

Fundarstjóri:

Guðmundur B. Ólafsson

Fundarritari:

Árni Leósson

Tillaga um framlag í VR varasjóð:

Kosning löggilts endurskoðanda eða endurskoðunarstofu:

Tillaga um að KPMG sjái um endurskoðun VR fyrir reiknisárið 2018

Kosning á skoðunarmönnum:

Tillaga um Jóhönnu S. Rúnarsdóttur og Benedikt Vilhjálmsson sem skoðunarmenn VR. sbr. 27. gr. laga VR.

Tillaga um félagsgjald:

Tillaga um að félagsgjald verði óbreytt, 0,7% af launum og lágmarksgjald til að njóta fullra félagsréttinda skuli þó eigi vera lægra en sem svarar 30% af byrjunarlaunum 20 ára afgreiðslufólks frá og með sama tíma. Félagsgjaldið skiptist þannig að 0,65% rennur í félagssjóð VR og 0,05% renni í vinnudeilusjóð.

Tillaga um stjórnarlaun:

Tillaga frá launanevnd.

Varðandi tillögu um framlag í VR varasjóð sagði Stefán að upphafleg áætlun hafi gert ráð fyrir innlögn uppá 785 milljónir kr. en tap á sjúkrasjóði ylli því að nú sé lagt til að upphæðin lækki í 751 milljónir kr.

Umræður.

Í umræðum óskaði Ragnar Þór eftir því að fá að lengja fund til kl. 21:30.

Samþykkt.

Að loknum þessum umræðum bar Ragnar Þór það upp til samþykkis að lagðar yrðu 751 milljón kr. í VR varasjóð og sú tillaga borin upp á aðalfundi.

Samþykkt samhljóða.

Birgir Már, formaður launanevndar VR ræddi liðinn „Tillaga um stjórnarlaun“ og sagði það tillögu launanevndar að ákvörðun um laun stjórnarmanna verði óbreytt frá núverandi fyrirkomulagi sem samþykkt var á síðasta aðalfundi sem er á þá leið að stjórnarlaun í VR taki breytingum í takt við launavísitölu VR.

Ragnar Þór bar þá upp þessa ofangreindu tillögu launanevndar um tilhögun stjórnarlauna til að leggja fram á aðalfundi.

Samþykkt samhljóða.

Umræður.

Í umræðum var samþykkt að vísa umræðu um tilhögun greiðslu stjórnarlauna til launanevndar VR til skoðunar og tillögugerðar hvað varðar greiðslur eftir mætingu bæði aðal- og varamanna.

7. Starfsreglur Sjúkrasjóðs VR – tillögur að breytingum

Rannveig, formaður stjórnar Sjúkrasjóðs VR, lagði fram skjalið „*Tillaga að breytingum á starfsreglum Sjúkrasjóðs VR*“ og fór yfir efni þess en tillagan er eftirfarandi:

Núverandi reglur:

5.6 Skrifstofa VR getur afgreitt eftirfarandi til þeirra sem ekki eiga rétt samkvæmt gildandi reglum:

- a1. Ferðastyrkir foreldra veikra barna yngri en 18 ára eru að hámarki kr. 150.000,-
- a2. Ferðastyrkir félagsmanns vegna maka eða náskylds ættingja að hámarki kr. 150.000,-
- a3. Styrkir vegna veikinda maka. Heimilt er að greiða styrk sem samsvarar heildarupphæð sjúkradagpeninga í 3 mánuðir.

Breyting (í rauðu letri):

5.6 Skrifstofa VR getur afgreitt eftirfarandi til þeirra sem ekki eiga rétt samkvæmt gildandi reglum:

a1. Ferðastyrkir félagsmanns vegna eigin veikinda, foreldra, maka eða barna yngri en 18 ára, að hámarki kr. 150.000,-

a2. Styrkir vegna veikinda maka. Heimilt er að greiða styrk sem samsvarar heildarupphæð sjúkradagpeninga í 3 mánuðir.

Í skýringum Rannveigar fyrir þessum breytingum kom fram að þetta atriði hefði einfaldlega gleymst eða dottið óvart út í eldri breytingum þ.e. að ferðastyrkur gildi um félagsmenn sjálfa.

Ragnar Þór bar nú upp þessa breytingatillögu til samþykktar.

Samþykkt samhljóða.

8. Leigufélag VR

Ragnar Þór ræddi málefni hugsanlegs leigufélags VR og lagði til sérstakan stjórnarfund um málið þann 20. febrúar nk. kl. 17:30. Ræddi hann einnig hvort rétt væri að Stefán framkvæmdastjóri fengi umboð til að stofna félagið og væri það í samræmi við það sem fram kom hjá fundarmönnum á fundi trúnaðarráðs í gærkvöldi.

Umræður.

Eftir umræður var samþykkt að halda sérstakan stjórnarfund um málið þann 20. febrúar nk. eins og Ragnar Þór hafði stungið uppá.

Fundi var slitið kl. 21:30
Árni Leósson, fundarritari